



# REGLUR IOC UM TRANSÍPRÓTTAFÓLK

---

Samstöðufundur Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC) um leiðréttingu kynskráningar og hátt andrógen meðal kvenkeppenda, nóvember 2015

## Þátttakendur:

Prof Dr Uğur Erdener	Formaður lækna- og vísindanefndar IOC
Prof Arne Ljungqvist	Fyrrum formaður lækna- og vísindanefndar IOC
Dr Stéphane Berman Monaco	Institute of Sports Medicine & Surgery, læknisfræði og vísindaráðunautur Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins (IAAF)
Michael Beloff, QC	Málafærslumaður, Blackstone Chambers
Prof Gerard Conway	Prófessor í klínískri læknisfræði, University College London
Prof Myron Genel	Prófessor emerítus í barnalækningum og rannsóknastjóri, Yale Child Health Research Center, læknisfræðideild Yale-háskóla
Ms Joanna Harper	Forstöðumanneskja í lækningaeðlisfræði, geislalækningum, Providence Portland Medical Center
Prof Angelica Linden Hirschberg	Barna- og kvennalækningadeild, kvensjúkdómalækninga-svið Karolinska Institutet
Prof Dr Maria Jose Martinez Patino	Íþróttfræðideild Háskólans í Vigo
Prof Martin Ritzén	Prófessor emerítus, barna- og kvennalækningadeild Karolinska Institutet
Dr Eric Vilain	Prófessor í mannfæðisfræði, barnalækningum og þvafærafræði, Forstöðumaður, Center for Gender-Based Biology. Deildarstjóri, læknisfræðileg erfðafraeði, barnalækningadeild. Meðforstöðumaður, Clinical Genomic Center, David Geffen School of Medicine, UCLA
Jonathan Taylor	Meðeigandi, Bird & Bird
Liz Riley	Málafærslumaður, Bird & Bird





Dr Robin Mitchell	Varaformaður lækna- og vísindanefndar IOC
Dr Rania Elwani	Meðlimur lækna- og vísindanefndar IOC
Dr Vidya Mohamed-Ali	Meðlimur lækna- og vísindanefndar IOC
Prof Yannis Pitsiladis	Meðlimur lækna- og vísindanefndar IOC
Dr Richard Budgett	Forstöðumaður lækna- og vísindamála IOC
Dr Lars Engebretsen	Yfirmaður vísindaumsvifa IOC
Christian Thill	Yfirlögfræðingur IOC

### 1) Viðmið fyrir trans fólk

- A. Síðan Stokkhólmsþykktin um leiðréttingu kynskráningar í íþróttum var gerð árið 2003 hefur viðurkenning samfélagsins á mikilvægi sjálfsákvörðunarréttar um kyn aukist. Þetta endurspeglast í lögum víðs vegar um heim.
- B. Á mörgum svæðum er sjálfsákvörðunarréttur um kyn þó ekki viðurkenndur í lögum.
- C. Það er nauðsynlegt að tryggja eftir fremsta megni að trans íþróttafólk sé ekki útilokað frá tækifærum til að taka þátt í íþróttakeppnum.
- D. Helsta markmið íþróttahreyfingarinnar er og verður að tryggja sanngjarna keppni. Takmarkanir á þátttöku eru viðeigandi svo fremi sem þær eru nauðsynlegar og hæfilegar til að framfylgja því markmiði.
- E. Krafa um líkamlegar breytingar með skurðaðgerðum sem skilyrði fyrir þátttöku er ekki nauðsynleg til að tryggja sanngjarna keppni og er hugsanlega í ósamræmi við þróun löggjafar og hugmynda um mannréttindi.
- F. Ekkert í þessum leiðbeiningum á að vinna á nokkurn hátt gegn skyldunni til að fylgja Alþjóðalyfjareglunum og alþjóðastöðlum Alþjóðalyfjaeftirlitsins (WADA).
- G. Viðmið þessi eru lifandi skjal og verða endurskoðuð með tilliti til þróunar á sviði vísinda og læknisfræði.

Í þessum anda samþykkti samstöðufundur Alþjóðaólympíunefndarinnar eftirfarandi viðmið til íþróttasambanda varðandi ákvarðanir um þátttökurétt í kvenna- og karlakeppni:

1. Keppendur sem leiðréttu kynskráningu sína úr kven- í karlkyn mega keppa í karlaflokki án takmarkana.
2. Keppendur sem leiðréttu kynskráningu sína úr karl- í kvenkyn mega keppa í kvennaflokki með eftirtöldum skilyrðum:





- 2.1. Keppandinn hefur lýst því yfir að kynvitund hennar sé kvenkyns. Yfirlýsingunni má ekki breyta í íþróttasamhengi í minnst fjögur ár.
- 2.2. Keppandinn verður að sýna fram á að heildartestósterónmagn í blóðvökva hennar hafi verið undir 10 nmol/L í a.m.k. 12 mánuði áður en hún tekur fyrst þátt í keppni (og skal krafa um lengra tímabil byggjast á mati á einstaka tilvikum sem bundið er trúnaði, þar sem skoðað er hvort 12 mánuðir séu nægjanlegur tími til að lágmarka forskot í kvennakeppni).
- 2.3. Heildartestósterónmagn í blóðvökva keppandans verður að vera undir 10 nmol/L allan þann tíma sem keppandinn óskar eftir þátttökurétti í kvennakeppni.
- 2.4. Heimilt er að hafa eftirlit með því hvort þessi skilyrði séu uppfyllt með prófunum. Standist keppandinn ekki próf má afturkalla keppnisleyfi hennar í kvennaflokki í 12 mánuði.

## **2) Hátt andrógenmagn í blóði hjá kvenkyns keppendum**

Vegna tímabundinnar ákvörðunar frá 24. júlí 2015 í máli Chand gegn Frjálsíþróttasambandi Indlands (AFI) og Alþjóðafrjálsíþróttasambandinu (IAAF) fyrir Alþjóðaiþróttadómstólnum, CAS 2014/A/3759, ályktaði samstöðufundur Alþjóðaólympíunefndarinnar eftirfarandi:

- Að reglur skuli vera til staðar til að vernda konur í íþróttum og stuðla að sanngjarnri keppni.
- Að IAAF, með stuðningi frá öðrum alþjóðlegum sérsamböndum, Ólympíunefndum þjóðríkja og öðrum íþróttasamböndum, væri hvatt til að senda Alþjóðaiþróttadómstólnum (CAS) röksemdafærslur og gögn sem styddu endurupptöku reglna þess um hátt andrógenmagn í blóði.
- Til að forðast mismunun eiga keppendur sem ekki er heimilað að taka þátt í kvennakeppni að vera gjaldgengir til keppni í karlaflokkum.

